



Varnarsigur í rekstrinum

Skýrsla forstjóra 2021



Formaður stjórnar dró upp skýra mynd af áskorunum sem Harpa glímdi við á síðastliðnu ári vegna áhrifa Covid-19 en einnig af fjölmörgum umbóta- og fjárfestingaverkefnum sem munu gera okkur öflugri í viðspyrnunni. Árið 2020 var á heimsvísu vægast sagt krefjandi og þá ekki síst fyrir ferðaþjónustu og rekstur menningarhúsa. Heimsfaraldur Covid-19 tók nánast öll völd í okkar daglega lífi og fór Harpa ekki varhluta af því. Ársreikningurinn sem hér er fram

lagður og ég mun nú fara yfir í stórum dráttum, talar sínu máli í þessu efni.

Ársreikningurinn inniber samstæðuna Hörpu ohf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögin þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu, Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem sér um rekstur á bílastæðahúsi Hörpu og er 77,1% í eigu Hörpu á móti 22,9% hlutdeild Eignasjóðs Reykjavíkurborgar og loks Rekstrarfélagið Hörpustrengi ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er að fullu í eigu Hörpu.

Áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus og staðfestir að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Rekstur síðastliðins árs einkenndist fyrst og fremst af viðbrögðum vegna áhrifa Covid-19. Orkan fór í leita allra leiða til að lágmarka tekjumissi Hörpu – fyrst og fremst með því að vinna þétt með viðskiptavinum og sambýlingum í húsinu við að færa ítrekað til viðburði sem ekki var hægt að halda eins og til stóð. Einnig voru allir möguleikar, sem hægt var að finna innan gildandi sóttvarnarreglna á hverjum tíma, nýttir til að halda viðburði í breyttu formi og afla tekna með óhefðbundinni nýtingu á leigurýmum, jafnframt því sem rekstrarkostnaður var dreginn saman eins og hægt var. Sjálfstæðir rekstraraðilar í Hörpu, sem margir héldu úti þjónustu á jarðhæð, hættu starfsemi í Hörpu einn af öðrum, enda kippti algjört hrun í ferðaþjónustu undan þeim grundvellingum. Höggið var því þungt eins og sést á tekjuhlið ársreikningsins en á heildina litið leyfi ég mér að segja að niðurstaðan sé tiltekinn varnarsigur.



Rekstrarreikningur

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 113,3 milljón króna árið 2020, samanborið við 33,6 milljónir króna árið 2019.

Tekjur af starfseminni námu 537 milljónum króna, en voru 1.209,6 milljónir árið 2019 og nemur lækkunin 56%.

Rekstrarframlag frá eigendum nam í upphafi árs 450 milljónum króna en vegna íþyngjandi áhrifa Covid-19 náðust samningar um nauðsynleg viðbótarframlög að fjárhæð 278 milljónir króna. Alls námu því tekjur samstæðunnar 1.245 milljónum króna en það er 414,6 milljóna króna lækkun frá fyrra ári.

Gjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar námu alls rúmlega 1.152 milljónum króna og drógust saman um tæp 30%.

Samkvæmt nánari sundurliðun nam húsnæðiskostnaður alls 567,3 milljónum króna og lækkaði um 87,3 milljónir króna á milli ára. Hluttur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði nam 311,3 milljónum króna og var hann 27% af heildarútgjöldum ársins.

Laun og launatengd gjöld voru 411 milljónir króna og lækkuðu úr 523,7 milljónum eða um tæp 22%. Stjórnendateymi og stjórn Hörpu tóku á sig launaskerðingu frá 1. apríl til ársloka, allir aðrir fastir starfsmenn unnu í skertu starfshlutfalli eftir því sem verkefnastaða og hlutabótaleið leyfði.

Hjá samstæðunni voru 99 starfsmenn á launaskrá á árinu 2020 og er það fækkun um 15 starfsmenn frá árinu 2019. Stöðugildum fækkaði um 11 eða úr 47 í 36 á milli ára og má það rekja til óhjákvæmilegra aðgerða s.s. uppsagna og tilfærslna vegna áhrifa Covid-19. Fastráðnir starfsmenn skiptust í 18 konur og 18 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 24 konur og 12 karla.

Aðkeypt þjónusta dróst mest saman eða um tæplega 194 milljónir og nam 73,6 milljónum króna auk þess sem annar kostnaður dróst saman um 79,5 milljónir og nam 100,7 milljónum króna.

Tap að fjárhæð 184,7 milljónir króna varð af heildarstarfsemi samstæðunnar á árinu að teknu tilliti til afskrifta sem nema 355 milljónum króna, fjármunaliða og reiknaðs tekjuskatts, samanborið við um 6 milljaðra króna tap á árinu 2019. Þessi mikli munur skýrist af breytingum sem gerðar voru í samráði við eigendur Hörpu á reikningsskilum og reikningshaldslegu mati fasteignarinnar árið 2019.

Efnahagur

Eignir samstæðunnar breyttust ekki mikið á milli ára. Í áðurnefndri breytingu á reikningsskilum fólst að fastafjármunir voru færðir niður og nema nú 11.2 milljörðum en langtímafjáreign, sem er samningur Hörpu við eigendur sína um endurgreiðslu stofnkostnaðar, nemur tæplega 19.9 milljörðum króna.



Með veltufjármunum nema eignir samstæðunnar því samtals rúmum 33 milljörðum og er það hækkun upp á 230 milljónir sem skýrist af kröfum á tengda aðila upp á 278 milljónir sem var ógreitt sérstakt rekstrarframlag við áramót.

Líkt og formaður stjórnar hefur þegar nefnt í sínu ávarpi var hlutafé Hörpu aukið á síðasta ári og nam sú fjárhæð 361 milljón króna. Eigið fé samstæðunnar hækkaði því og nam tæplega 11 milljörðum í árslok 2020.

Langtímaskuldir, sem eru fyrst og fremst skuldabréf vegna stofnkostnaðar við byggingu Hörpu, hækkuðu um 110 milljónir á milli ára, en skammtímaskuldir lækkuðu á móti og stóðu heildarskuldir samstæðunnar því nánast í stað eða í rúmum 22 milljörðum.

Eigið fé og skuldir námu samtals 33 milljörðum króna samanborið við 32.8 milljarða á fyrra ári.

Í skýrslu stjórnar kemur fram það mat stjórnenda að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að mæta tekjutapi Hörpu vegna Covid-19, aðgerðir stjórnvalda, sérstök framlög frá eigendum og handbært fé á bankareikningum samstæðunnar, dugi til að samstæðan geti staðið undir skuldbindingum sínum á komandi misserum. Það er því mat stjórnenda að samstæðan sé rekstrarhæf og er samstæðuársreikningurinn lagður fram á þeim grundvelli. Að öðru leyti vísa ég til skýringa og frekari sundurliðana í reikningnum.

Starfsemin

Þrátt fyrir lamandi áhrifin af heimsfaraldrinum voru haldnir rúmlega 500 viðburðir í Hörpu. Það eru að jafnaði um 10 á viku og þætti nokkuð gott ef við værum ekki að horfa á samanburðinn við venjulegt ár þegar viðburðirnir eru í kringum 1300- 1400. Þeir voru einnig langflestir í öðru formi eða á öðrum tíma en til stóð og var í því samhengi lögð rík áhersla á að efla þekkingu starfsfólks á framkvæmd hvers kyns fjar- og streymisviðburða auk þess sem aukið var við tækjabúnað á því sviði. Harpa var lokuð almennum gestum og aðeins opnuð í tengslum við viðburði í alls 142 daga á liðinu ári eða frá 23. mars til 7. maí og svo aftur frá 5. október og út árið. Ég ætla hér í lokin að bregða upp nokkrum myndum sem sýna samsetningu þessara 512 viðburða sem haldnir voru á liðnu ári.

Tónleikar og listviðburðir töldu 330. Svokallaðir MICE viðburðir eða ráðstefnur, fundir, veislur og tengdir viðburðir voru aðeins 141 talsins eða innan við þriðjungur af fyrra ári. Sinfóníuhljómsveit Íslands var með 39 viðburði með gesti í sal á síðasta ári og Íslenska óperan, sem einnig á sitt fasta aðsetur í Hörpu, var með 7 viðburði. Harpa stóð sjálf fyrir 44 smærri viðburðum þar af fjölmörgum tónleikum í streymi á vordögum undir yfirskriftinni *Heima í Hörpu*.

Harpa - ávallt á heimsmælikvarða

Í innileggi mínu á aðalfundi Hörpu í júní á síðasta ári sagði ég að árinu 2019 hafi lokið „með eindregnum áformum um alþjóðlega sókn, framkvæmd nýrrar dagskrárstefnu og önnur umbótaverkefni til að



raungera áherslur stefnumótunarinnar *Harpa – ávallt á heimsmælikvarða*. Áður en fyrsti ársfjórðungurinn af 2020 var liðinn varð ljóst að skipta þyrfti algjörlega um gír og beita öllum tiltækum ráðum til að minnka skaðann sem Covid-19 hefur þegar haft á starfsemi og rekstur Hörpu og mun fyrirsjáanlega hafa áfram á næstu misserum.“ Og þetta reyndust því miður orð að sönnu.

Áhersla stjórnenda á síðasta ári hefur verið á yfirveguð viðbrögð, góða upplýsingamiðlun og ábyrgt viðburðahald. Jafnframt var reynt með öllum ráðum að standa vörð um störfin hjá félaginu og þá innviði sem eru grundvöllur tekjuöflunar hjá miklum fjölda viðburðahaldara, tónlistamanna, tæknifólks og rekstraraðila. Lykilatriði í okkar huga var að ganga ekki það nærri rekstrinum í niðurskurði að það kæmi niður á möguleikum Hörpu til að grípa öll tækifæri og rísa svo hratt upp um leið og gjörningaveðrum slotaði.

Í því snúna verkefni hefur starfsfólk Hörpu staðið saman sem einn maður og á því ríkan þátt í þeim varnarsigrum sem unnist hafa til þessa. Ég tek heilshugar undir orð formanns stjórnar og þakkar til þessa góða hóps. Stuðningur stjórnar og eigenda hefur einnig skipt sköpum og fyrir það ber einnig að þakka. Með þennan góða byr í seglin höldum við bjartsýn áfram inn í afmælisárið og næsta áratuginn. Ég er sannfærð um að á komandi og bjartari tíð muni Harpa jafnvel enn betur en nokkru sinni fyrr, uppfylla mikilvægt hlutverk sitt og skapa menningarleg, efnahagsleg og samfélagsleg verðmæti fyrir eigendur sína.

Reykjavík 15. apríl 2021

Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri Hörpu